

Skólar á Spáni:

Á Spáni hefst skólaárið í september og lýkur í júní. Á veturna er er vetrarfrí í um 10 dagar og jólafrí í ca tvær vikur. Skóladagurinn frá kl 09:00 til 16:30 á daginn og hafa flestir skólar nú tekið upp það sem er kallað „jornada continua“ sem þýðir að siestan dettur út og krakkarnir eru samfelt í skólanum yfir daginn og þurfa ekki að fara heim eins og var reglan áður þegar sækja þurfti börnin þegar tekið var matarhlé.

Það eru engin skólagjöld greidd á Spáni en hver nemandi greiðir fyrir efnis- og bókakostnað en hann er á bilinu 170-250 evrur á barn. Þá þarf nemandi að greiða fyrir allar tómsundur s.s. íþróttir, tónlist o.s.frv. Þróttakostnaður á Spáni er að sumra mati nokkuð hár jafnvel í samanburði við Ísland.

Á Spáni er nokkuð um einkaskóla bæði spænskir og alþjóðlegir en skólagjöld í þá eru nokkuð hærri en hjá ríkisreknum skólum eða frá 250 - 1000 evrum á mánuði. Sumir þessara einkaskóla sem eru á Costa Blanca svæðinu eru breskir og fer námið fram bæði á spænsku og ensku. Flestir velja þó að senda börn sín í spænska skóla og eru börn yfirleitt fljót að ná spænskunni og aðlagast spænsku skólalífi.

Það er gott skipulag í flestum skólum, góður agi og hagur hvers nemanda hafður að leiðarljósi. Nemendum af erlendu bergi brotnu fá góðan stuðning og þeir sem ekki kunna stakt orð í spænsku, fá oft sérkennslu og mjög góða aðstoð á meðan nemandinn er að aðlagast.

Sumir skólar á Spáni eru með skólabúninga ekki allir.

Öll börn á Spáni fá inni í skóla, íslensk eða spænsk það skiptir ekki máli. Á hvert bæjarfélag er lögð sú skylda á herðar að útvega barni á skólaaldri skólaláss. Ekki er hægt að velja í hvaða skóla barnið fer því það er hér eins og á Íslandi að barnið fer í þann skóla sem næstur er heimilinu. Því þurfa foreldrar að velja búsetu eftir því hvar þau vilja að barnið gangi í skóla. Það er því ekki hægt að velja skóla í einu bæjarfélagi en búa í öðru. Flestir eru skólarnir góðir og ritari hefur ekki heyrt um slæman skóla a.m.k.

Umsóknarferlið er þannig að það er byrjað á að skrá heimilisfang í næsta ráðhúsi og hafa þá meðferðis passa allra sem þar eiga að búa ásamt afsali að fasteigninni eða húsaleigusamningi. Þá þarf að fara með börnin til læknis á Spáni og fá vottorð frá honum sem staðfestir að börnin séu heilbrigð. Flestir skólar á Costa Blanca biðja ekki um gögn frá skólum á Íslandi né umsögn frá íslenskum kennurum en læknisvottorð frá spænskum lækni er skylda og fæðingavottorð.

Börnin eru síðan skráð í þann skóla sem er næstur heimilisfangi. Að þessu loknu eru börnin skráð og geta hafið sína spænsku skólagöngu.

Hægt er að fá skóla rútu en þarf að sækja um það strax í upphafi og einnig þarf að sækja sérstaklega um að vera í mat. Verð í mat er frá 60-80 á mánuði (ca. 4.50 evrur á dag). Einnig er hægt að kaupa miða og velja daga til að vera í mat

Skólakerfið.

Það er skylda að læra Valenciano í skólum í Valencia héraði og hefst það nám á fyrsta skólastigi.

"Smábarnanám" (Educacion Infantil) er frá 3ja til 6 ára aldurs það er þó ekki skylda.

Eins og áður segir þá er þetta námsstig á Spáni ekki skylda en hér er skólakerfið að bjóða það að hefjast handa við að móta menntun ungra barna á þessum aldri og efla þau þar sem reynir á hæfni hvers og eins. Á þessu skólastigi eru umhverfisgildi, félagsleg gildi og persónugildin höfð ofarlega að leiðarljósi í allri kennslu. Börnum er kennt m.a. Valenciano, enska, starðfræði, stafrófið, lestur og skrift o.s.frv. Þetta er ekki mikil og ströng menntun heldur meira kynning og undirbúningur í takt við leik og skemmtun.

Grunnskólanám (Educacion Primaria) - frá 6 - 12 ára aldurs - skylda

Svipar til grunnskóla á Íslandi nema að börnin koma yfirleitt betur undibúin til náms eftir að hafa verið 3 ár á fyrsta námsstiginu. Mörg börn á 6 ára aldri kunna orðið að lesa og skrifa tölur upp í 20 en þess má geta að helstu fögin á þessu námsstigi eru reikningur, spænska, almenn þekking og vísindi, landafræði, saga, líffræði, leikfimi, listir og annað tungumál t.d. enska eða franska. Trúarbragðanám er ekki skylda en fyrir þá

sem vilja er kaþólska kennd. Þeir sem ekki fara í þessar valgreinar stunda heimanámið sitt á meðan í skólanum.

Í gegnum námsstigin verður nemandi að geta staðið skil á námsefninu upp að ákveðinni lágmarkskröfu ella þarf nemandinn að sitja skólaárið aftur að ári með næsta árgangi fyrir neðan. Þar eins og á Íslandi er áfangapróf en þau eru þó ekki á hverju ári heldur annað hvert ár þar sem þessi 6 ár eru skipt upp í þrjú tveggja ára tímabil.

Skólinn er yfirleitt opinn og hafa foreldrar möguleika á að funda reglulega með umsjónarkennara barnsins þar sem farið er yfir námið og hvernig náminu framvindur. Frá fyrsta degi er nokkur heimavinna.

Gagnfræðiskóli (Educacion Secundaria) - frá 12 - 16 ára aldurs - skylda

Hér er í rauninni beint framhald grunnskólans þar sem mikil og þétt kennsla er einkennandi fyrir allt skólaárið og nokkuð mikið heimanám. Hér er krafist sjálfsaga frá nemanda og töluvert er um skyndipróf í flestum fögum. Þær kröfur eru gerðar til hvers og eins nemanda að hann nái ákveðinni lágmarkseinkunn í stærðfræði og spænsku ella þarf hann að endutaka námsárið að ári liðnu. Að loknu námi hér fá nemendur prófskírteini sem hleypir þeim áfram upp í framhaldsskólann fyrir þann sem það velur.

Framhaldsskóli (Bachillerato) - frá 16 - 18 ára aldurs - ekki skylda

Á þessu skólastigi er mikið um akademísk námsfög og hér getur nemandi valið um það að fara í margs konar þjálfun á nokkrum brautum. Fjórar brautir eru í boði: Listir, Hugvísindi, Eðlisfræði og Tækninám. En að lokum er boðið upp á sérstaka braut þar sem er þjálfun í skrifstofumennsku, bifvélavirkjun, framleiðslu (þjónn) og hárgreiðslu. Eftir þetta 2ja ára nám eru lokapróf og ákveðið námsmat eða kennaraeinkunn gefin út á hvern nemanda.

Háskóli (Universidad) - frá 18 ára aldri - ekki skylda

Eins og sést hér þá fara spænskir nemendur um tveimur árum fyrr í háskóla en til þekkist hér á Íslandi en enginn fer í Háskóla fyrr en nemandi hefur staðist inntökupróf. Mikil fjölbreytni af faggreinum eru í boði í spænskum Háskólum eða allt frá hinum venjubundnu greinum sem til þekkjast hér á Íslandi og yfir í faggreinar sem ekki hafa verið kenndar í íslenskum háskólum. Ótækt er að rekja það hér hvaða námsgreinar eru í boði en bent er á þá mörgu háskóla sem staðsettir eru á Costa Blanca svæðinu.